



Jarðskjálfti í Mýrdalsjökli skók Hvolsvellinga

Kl 23:17 á sunnudagskvöld varð skjálfti að stærð 3,5 í suðvestanverðum Mýrdalsjökli. Samkvæmt tilkynningu frá Veðurstofu Íslands fannst skjálftinn meðal annars í Þórsmörk, á Skógum og á Hvolsvelli.

Tveir Sunnlendingar keppa á Ólympíuhátíð í Slóveníu

Þrír íslendingar keppa á Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar sem fram fer í Maribor í Slóveníu dagana 24.-29. júlí.

Í tilkynningu frá Frjálsíþróttadeild Selfoss segjast þau stolt af því að eiga tvo af þremur keppendum sem valdir voru á Ólympíuhátíðina í ár, þá Þorvald Gauta Hafsteinsson og Daníel Breka Elvarsson.

„Þorvaldur Gauti Hafsteinsson keppti í 800m hlaupi mánuðaginn 24. júlí. Alls voru 23 strákar á aldrinum 16-17 ára skráðir til leiks, hlaupið var í þremur riðlum og hljóp Þorvaldur í þriðja riðli, hljóp hann flott hlaup og stórbætti sinn persónulega árangur en

hann kom í mark á tímanum 2,00,06mín en fyrir átti hann best 2,02,75mín sem var einnig HSK-met í hans aldursflokki 16-17 ára pílta þannig að hann bætti gamla metið sitt verulega. Þorvaldur hafnaði í 20. sæti af 23 keppendum þess ber að geta að flestir keppendurnir eru ári eldri en hann.

Glæsilegur árangur hjá þessum stórefnilega hlaupara,“ segir Rúnar Hjálmarsson, yfirþjálfari frjálsíþróttadeildar Selfoss í samtali við Dagskrána, en Rúnar er þjálfari allra íslensku keppendanna á mótinu.

Þegar þessi frétt var skrifuð átti Daníel Breki eftir að keppa en hann hafði lengst kastað

700gr spjótinu 60,48m en það gerði hann í fyrra þegar hann sigraði glæsilega á Gautaborgarleikunum. Hans besti árangur í spjótkaсти er jafnframt HSK met í hans flokki (16-17 ára).



Stefán Friðrik ráðinn byggðaþróunarfulltrúi í Rangárbíngi

Stefán Friðrik Friðriksson hefur verið ráðinn byggðaþróunarfulltrúi Rangárbíngs eystra og ytra. Hann mun hefja störf á næstu mánuðum.

Stefán er með BA gráðu í miðlun og almannatengslum frá Háskólanum á Bifröst auk þess að hafa lokið diplómu í fjölmiðlun, blaðamennsku og kvikmyndagerð frá Brandbjerg Háskóla og diplómu í leikstjórn og framleiðslu frá Kvikmyndaskóla Íslands. Stefán hefur starfað sem sérfræðingur í markaðsmálum hjá Markaðsstofu Suðurlands í rúmt ár þar sem hann sér m.a. um markaðssetningu á Suðurlandi í samstarfi við ríki, sveitarfélög og fyrirtæki. Áður starfaði Stefán í sjó ár hjá sjónvarpsstöðinni N4 þar sem hann sinnti stöðu markaðs- og framleiðslustjóra í fjögur ár og stöðu tæknimanns í þrjú ár þar á undan. Í störfum sínum



hjá N4 stýrði Stefán ýmsum verkefnum í tengslum við markaðssetningu sjónvarpsstöðvarinnar og framleiðslu sjónvarpsþátta, markaðsefni og auglýsinga ásamt því að koma að áætlanagerð, stefnu og sköpun viðskiptatækifæra og hugmyndasmíði. Stefán þekki til nærsamfélagsins og býr yfir góðu tengslaneti, bæði er hann búsettur á svæðinu og hafði áður kynnst því í gegnum störf sín hjá N4.



Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keysra@keysra.is - www.keysra.is - [f /keysra.is](https://www.facebook.com/keysra.is)



Gistiheimilið Hjarðarbóli

auglýsir eftri starfsmanni í eldhús, viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt við matreiðslu á heimilislegum mat, vinnu tíminn er 17:00 til 21:00 og viðkomandi þarf að hafa bílpróf. upplýsingar fást í síma: 567 0045 eða á info@hjarðarbol.is

Auglýsing um skipulag í sveitarfélaginu Ölfus



Eftirtaldir skipulagstillögur voru samþykktar til auglýsingar af bæjarráði Ölfuss þann 20. júlí, í samræmi við 1. málsgrein 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010, eftir umfjöllun í skipulags- og umhverfisnefnd Ölfuss.

Breyting á skipulagi hafnarsvæðis Þorlákshafnar vegna landfyllingar

Lögð er til breyting á deiliskipulagi hafnarsvæðis þar sem mörkuð er tæplega eins hektara landfylling við/milli nýju Suðurvarabryggju og útsýnispalls við Nesbraut. Lengd fyllingarinnar er um 145 metrar og breidd um 60 metrar. Efnid í fyllinguna kemur úr „uppúrtekt“ við nýju Suðurvarabryggju.

Breyting á deiliskipulagi Bakkahlíðar í Ölfusi

Gerð er tillaga um breytingu á deiliskipulagi fyrir landið Bakkahlíð sem er skilgreint sem frístundasvæði í aðalskipulagi. Skilgreind er lóð fyrir eitt frístundahús, gestahús og geymslu. Settir eru skilmálar fyrir uppbyggingu og markaður byggingarreitur á henni í samræmi við heimildir aðalskipulags.

Tillögurnar verða til sýnis á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn dagana 27. júlí til og með 7. september 2023. Hægt er að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 7. september 2023 eða á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar á slóðinni www.skipulagsgatt.is

Gunnlaugur Jónasson, skipulagsfulltrúi

Minning um Loka frá Selfossi

Mikill garpur er fallinn frá, það var mikill heiður fyrir mig að fá að kynnast honum Loka frá Selfossi, ótrúlega fjölhæfur gæðingur. Í fyrsta skipti sem ég keppti á honum, og hans fyrsta keppni, var í meistardeildinni, en þá enduðum við í 3. sæti í fjörgangi. Árið eftir unnum við fjörganginn og gæðingafimina árið þar á eftir með miklum yfirburðum. Loki var ekki bara góður íþróttahestur, hann var líka frábær gæðingur. Hann var CA hestur í greiningu en fyrir mér var hann gengur klárhestur og flug rúmur og mjög fylginn sér og kjarkaður og átti svo auðvelt með að hreyfa sig, hreyfingar svif og fjaðurmagn voru hans aðall, við náðum að vinna B flokk á landsmóti 2014 og með einkunn

9.39 sem ég held að sé ein hæsta einkunn sem gefin hefur verið í gæðingakeppni frá upphafi.

Eftir sigur í meistardeildinni eitt skiptið þá var ég í viðtali og hélt ég í Loka, viðtalið dróst eitt-hvað á langinn og Loka fannst nóg komið og beit mig þá þéttingsfast í handlegginn þannig að ég þurfti að gefa honum olbogaskot en við fyrirgáfu hvor öðrum þetta strax. Ég man sérstaklega eftir einu kvöldi þegar ég og Ármann Sverrisson, eigandi og ræktandi Loka, og tveir aðrir góðir menn fóru með okkur út á Hellu og ég tók æfingu á Loka, viku fyrir Landsmótið 2014, við Loki tókum þrjá hringi á vellinum, síðan stoppaði ég hjá strákunum og sagði: „Ef hann verður svona framm yfir landsmót þá er ekki hægt að vinna

hann“, og það stóð heima með afgerandi hætti.

Loki var ekki bara mikill gæðingur, hann var líka góður kynbótahestur og fór beint í heiðursverðlaun fyrir afkvæmi árið 2020 og hefur skilað mjög eftirtektarverðum hrossum. Ég var svo heppinn að eignast undan honum nokkur frábær hross. Að endingu vil ég þakka þér Loki fyrir allar þær frábæru stundir og augnablik sem við áttum saman. Þú fórst of snemma, þitt skarð er ekki auðfyllt.

Takk fyrir Loki.

Fótalipur frá og snarpur fylgdi sér í keppni og leik. Féll of snemma feikna garpur, frægð hann náði, augað greip.

Sigurður Sigurðarson yngri.

Fallinn er loki, fákurinn besti, fallega skapaður, garpur hinn mesti.

Átökin mögnuð hjá afburða hesti, aðdáun sannasta við hann ég festi.

Loki er fallinn, sorg býr í sinni. Svifléttu sporin ég geymi í minni.

Afreksgrip meiri, jeg ætla að finni enginn á gjörvallri fóstur-jörðinni.

Sigurður Sigurðarson eldri.

Birt með leyfi Sigurðar Sigurðarsonar yngri.



Ljósmynd: Henk Peterse

Framkvæmdir við Búrfellsveg vel á veg komnar

Framkvæmdum við uppbyggingu, breikkun og klæðingu Búrfellsvegar, frá Klausturhólum að Búrfelli kemur til með að ljúka í lok júlí. Verktaki er Suðurtak ehf. á Selfossi. Suðurtak átti lægsta boð í verkið, 179 milljónir króna, um 30 m.kr. undir áætluðum verktakakostnaði sem var 209 milljónir króna.

„Framkvæmdir hafa gengið mjög vel. Þær hófust í ágúst í fyrra en þar sem vorið var mjög kalt tafðist verkið um nokkrar vikur,“ segir Aron Bjarnason, umsjónarmaður verksins. Áætli-

uð verklok voru 15. júní 2023 en verða í lok júlímánaðar.

Framkvæmdin nær yfir 4,25 km kafla sem nær frá slitlagsenda nærri Klausturhólum að slitlagsenda við Búrfell. Vegurinn var áður hefðbundinn malarvegur en framkvæmdin er fjármögnuð af tengivegafé.

Verkið fólst í styrkingu og klæðingu bundins slitlags ásamt lagfæringu núverandi vegar í 6 m breiðan veg með 5,8 m breiðu bundnu slitlagi og 2 x 10 cm breiðum malaröxlum. Endurnýja þurfti flest ræsi í veginum,

færa nokkrar vegtengingar og á kafla hliðraðist vegurinn allur og er þar um alveg nýjan veg að ræða. Einnig voru girðingar færðar og lagaðar.

Umferð um Búrfellsveg er ekki þung. Meðalumferð á dag yfir árið er um 234 bílar. Meðalumferð á dag yfir sumarmánuðina er 288 bílar og meðalumferð á dag yfir vetrarmánuðina er 207 bílar. Hins vegar hefur umferð þungra bíla aukist nokkuð um veginn undanfarin ár.



Ljósmynd: Vegagerðin.

FEIF Youth Camp 14.-19. júlí 2023 í Finnlandi

FEIF Youth Camp eru námsbúðir fyrir þátttakendur á aldrinum 14-17 ára á árinu. Markmið þeirra er að kynna krakka frá aðildarlöndum FEIF fyrir hestamenningu annara þjóða, auka skilning á menningarlegum mun okkar í nálgun á hestinum og að hitta ungt fólk með sama áhugamál.

Í ár sendi Landssamband hestamannafélaga (LH)10 þátttakendur frá Íslandi á aldrinum 14-17 ára sem voru valdir í ferðina og hafa aldrei áður verið teknir inn þetta margir þátttakendur frá einu landi, sem er hluti af því að um einar af stærstu sumarnámsbúðum var að ræða sem FEIF hefur haldið frá upphafi. Af þeim voru þrjár 15 ára stelpur frá Suðurlandi, þær Heiðný Edda Widnes og Sóley Vigfúsdóttir úr Hestamannafélaginu Sleipni og Hildur María Jóhannesdóttir úr Hestamannafélaginu Jökli. Sumarnámsbúðirnar voru haldnar á hestaháskólavæðinu í Ypäjä. „Fyrst áttum við að vera bara 2 stelpur sem fengum að fara en skipuleggjendurnir í Finnlandi, ásamt FEIF vildu endilega fá fleiri þátttakendur þannig við urðum á endanum 10 frá Íslandi. Við flugum út til Finnlands 13. júlí og gístum á hóteli rétt hjá flugvelli. Næsta dag fórum við öll aftur upp á flugvöll þar sem við hittum hina þátttakendurna, en þeir komu alls frá 11 löndum. Löndin sem sendu þátttakendur í ár, auk Íslands voru Finnland, Noregur, Svíþjóð, Belgía, Holland, Sviss, Frakkland, Bandaríkin, Þýskaland og Austurríki,“ segja stelpurnar í samtali við Dagskrána.

„Á flugvellið var sameinast í rútur til Ypäjä. Næsta dag skoðuðum við meðal annars hestasafn og kynntumst finnska hestinum og hestamenningu finna. Einnig skoðuðum við okkur um í háskólanum. Eftir það fórum við öll saman á kynningu á því hvernig á að stýra hestvagni og hvað það er sem knapi þarf að hafa í huga þegar keppt er í þeirri íþrótt. Sex unglingar fengu að prófa að fara sem aðstoðarknappi á vagninum og voru þrír af þeim frá Íslandi. Næst komu Arnór Dan Kristinsson og Veera Sírén og sýndu okkur stóðhestinn Vegur frá Kagaðarhól en hann og Arnór Dan munu keppa á HM í ár fyrir hönd Finnlands. Um kvöldið var



farið í leiki úti í góða veðrinu,“ bæta þær við.

„Næsta dag fórum við í reiðtúr á íslenskum hestum í finnskri náttúru og fengum sýnikennslu á flugskeiði frá Annika Kyrklund sem einnig er á leið á HM fyrir Finnlands hönd. Seinni partinn fórum við að vatni og prufuðum að synda þar og sum okkar prufuðu að fara í sauna. Síðan var grillað og þar gafst okkur unglingunum tækifæri á að tala saman og kynnast hvert öðru. Næsta dag fórum við í hús sem innihélt meðal annars göngubretti fyrir hestana sem hægt er setja vatn í til þess að geta þjálfað vöðvana og er þetta hluti af endurhæfingu fyrir suma hesta. Það sem var nýjung fyrir okkur var að þarna var salt herbergi sem notað er fyrir hesta sem eru veikir eða jafna sig eftir veikindi.“

Þá fengu þau tækifæri til að kynnast leðurvinnu og segja stelpurnar að það hafi verið mjög skemmtilegt. „Við fengum öll að spreyta okkur á að gera lyklakippu úr leðri með því að stimpla merki háskólans á leðrið. Eftir hádegisfórum við öll á kynningu um hestabogfimi eða bogfimi á hestum. Eftir kynninguna fengum við að prófa að skjóta af boga á æfingadýnu. Næst fengum við að kynnast og fylgjast með Siri Anttonen, sem er 16 ára finnsk stelpa, sem var að búa sjálf til skeifur undir hesta. Siri hefur verið að keppa í skeifnasmiði undanfarin ár og hefur unnið til fjölda verðlauna. Hún var virkilega fljót að búa til skeifu úr járnstöng. Eftir þetta tók við kynning á lífræði á hófi hestsins og fengum við að prófa að negla hóffjöður í hóf hjá Katri Kolu. Næst síðasta daginn fengum við tíma til að ihuga og ræða verkefni sem unnin voru í alþjóðlegum liðum, fórum í göngutúr með liðunum okkar og gerðum hugleiðsluæfingu. Settum saman listaverk

sem gert var út þeim hlutum frá náttúrunni sem samræmdust því sem hver og einn liðsmaður var þakklátur fyrir í sínu lífi. Hvert lið sýndi afrakstur verkefnis um hvað finnska orðið Sisu þýðir en orðið á rætur sínar að rekja til fyrri heimstyrjaldarinnar þegar Finnar sigrðu Rússa, þrátt fyrir að vera helmingi færri. Í lok dags fengum við svo sýnikennslu í tamningu á hesti hjá Kari Vepsä sem segja má að sé með frekar ólíka nálgun en við þekkjum og sýndi okkur fram á að til eru fleiri en ein leið að settu markmiði. Síðasti dagurinn var heimferðardagur og því komið að kveðjustund.“

Þar sem Íslenski hópurinn var degi lengur í Finnlandi en hinir þátttakendurnir, fékk hópurinn að heimsækja hestabúgarð í útjaðri Helsinki hjá Íslandsvinnum Anki og Joha Väyrynen, en þau rækta íslenska hesta og eiga og reka hestaskóla þar sem bæði fullorðnir og börn geta komist í kynni við íslenska hestinn og fengið að farið í útreiðatúra. Þau bjóða að auki upp á reiðtíma fyrir einstaklinga með sérþarfir, bæði líkamlegar og andlegar. Á sumrin eru þau líka með sumarþúfir og þótti Íslendingunum virkilega áhugavert að fá að heimsækja þau og skoða aðstöðuna hjá þeim. Þau gáfu öllum gjafapoka sem innihélt finnskt nammi frá Fazer, en sælgætisframleiðandinn er Íslendingum vel kunnur og má þar nefna bæði Turkis pepper brjóstsykra og Dumle karlamellur. Einnig var að finna í pokunum frá þeim boli merktu AnkiStall sem er hestaskólinn þeirra.

Fararstjóri hópsins var Dagbjört Hulda Guðbjörnsdóttir, formaður æskulýðsnefndar LH, nefndarmaður í æskulýðsnefnd FEIF og félagi í Hestamannafélaginu Sörla, en hún er einnig uppallinn Sunnlendingur. Segir Dagbjört búðirnar hafa verið mjög vel skipulagðar og einstaklega vel heppnaðar. Dagbjört minnst einnig á að keppnissskapið hafi orðið til þess að hún tók þátt í sauna-keppni, keppni um hver gæti setið lengst í sauna og fyrir Íslands hönd hafði hún landað 2. sætinu á eftir Finnum, sem seint verða unnir í slíki keppni. Að lokum segir Dagbjört að Finnar séu virkilega skemmtilegir heim að sækja. Hún telur margt líkt með Íslendingum og Finnum og telur þá hvað líkasta okkar þjóð af Norðurlöndunum.

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Dílaflöt – nýtt deiliskipulag

Tillagan gerir ráð fyrir tveimur nýjum lóðum úr landi Dílaflatar, önnur 10,7a ha og hin 4,29 ha. Innan skipulagssvæðisins er fyrirhugað að hafa allt að 12 gestahús fyrir ferðamenn ásamt þjónustuhúsi og gufubaði. Heimilt veður að byggja 30-80 m² gestahús með hámarks mænishæð verður allt að 4,0 m frá gólfkóta.

Ofangreinda deiliskipulagstillögu er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, www.hvolsvollur.is og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 25. júlí 2023. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 31. ágúst nk. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. og 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynntar sameiginlega skipulagslýsingar að annars vegar gerð deiliskipulags og hins vegar breytingar á aðalskipulagi Rangárþings eystra.

Dílaflöt – breyting á aðalskipulagi

Um er að ræða breytingu á landnotkun á ca. 15 ha af landbúnaðarlandi (L) í verslun- og þjónustu (VP). Fyrirhugað er að byggja upp lítil gestahús til útleigu til ferðamanna.

Eystra-Seljaland – breyting á aðalskipulagi

Um er að ræða breytingu á landnotkun á ca. 25 ha úr landbúnaðarlandi (L) í verslun- og þjónustu (VP). Gert er ráð fyrir hótél- og veitingaþjónustu ásamt uppbyggingu íbúðarhúsnæðis fyrir starfsfólk.

Stóra-Mörk – breyting á aðalskipulagi

Um er að ræða breytingu á landnotkun á ca. 23 ha svæði úr landi Stóru-Merkur 1 úr landbúnaðarlandi (L) í afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF), á ca. 27 ha svæði úr landi Stóru-Merkur 3 úr landbúnaðarlandi (L) í skógræktar- og landgræðslusvæði (SL) og á ca. 3,4 ha svæði úr landi Stóru-Merkur 3B úr landbúnaðarlandi (L) í verslun- og þjónustu (VP).

Ofangreindar skipulagslýsingar verða kynntar fyrir almenningi með opnu húsi hjá skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 4, Hvolsvelli, miðvikudaginn 9. ágúst nk. kl. 10:00 til 12:00.

Einnig verða tillögurnar aðgengilegar á heimasíðu Rangárþings eystra, www.hvolsvollur.is. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við skipulagslýsingarnar og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 31. ágúst 2023.

F.h. Rangárþings eystra
Þóra Björg Ragnarsdóttir

**Fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs
Rangárþings eystra**



Furðubátakeppnin 35 ára

Furðubátakeppnin, sem haldin hefur verið um Verslunarmannahelgina í Litlu-Laxá á Flúðum frá árinu 1988, verður á sínum stað í ár. Í keppninni keppast þátttakendur við að sýna og sigla hinum furðulegustu bátum um það bil 40m lengd í Litlu-Laxá. Keppnishaldarar binda vonir við að þátttaka verði góð, en þessi skemmtilegi liður hefur vakið mikla lukku meðal gesta og heimamanna frá upphafi.

Í tilefni 35 ára afmælis furðubátakeppninnar hefur verið lagt sérstaklega mikið í hana. „Fullorðinsflokkurinn hefur verið endurvakinn. Verðlaun verða enn veglegri en þau hafa verið undanfarin ár og sú nýbreytni er að Einarshikarinn verður veittur í báðum flokkum, en bikarinn er til heiðurs Einari Harðarsyni einum öflugasta stofnanda Furðubátakeppninnar. Búið er að útbúa sérstakt merki fyrir keppnina og fangar það vel þann frumleika sem einkennir keppnina. Þó nokkur fyrirtæki sem hafa tengingu við Flúðir leggja hönd á plóginn við að gera þessa keppni sem veglegasta,“ segir Vilberg Tryggvason, einn af aðstandendum keppninnar í samtali við Dagskrána.

„Í versta falli einhvern fullorðinn til að ýta ef allt fer í skrúfunu“

„Í Barnaflokki eru þátttakendur á ábyrgð forráðarmanna, aldurstakmark er 14 ára og yngri og er miðað við fæðingarár. Keppniskilyrði er að bátarnir komist í mark, um það bil 40m siglingarleið. Ekki er leyfilegt að hafa vélarafli, annað en hendur, stjaka, árar eða í versta falli einhvern fullorðinn til að ýta ef allt fer í skrúfunu. Verðlaun og ann-

að miðast við að hámark séu 4 í áhöfn. Heimilt er að hafa fleiri áhafnar meðlimi en verðlaun stækka ekki sem því nemur, “bætir Vilberg við.

„Í fullorðins keppninni er aldurstakmark 18 ár, en for- eldrum er heimilt að leyfa börnum, 15 ára og eldri, að taka þátt á eigin ábyrgð. Líkt og í barnaflokki verða bátarnir að komast í mark, um 40 m siglingarleið, líkt og í barnaflokki, en í fullorðinsflokki er leyfilegt að nota hverskonar vélarafli, annað en það sem dómari telur vera hefðbundið vélarafli. Þó er heimilt að nota segl og ýmis konar spaða. Hefðbundinn utanborðsmótor og hefðbundnar bátaskrúfur eru hins vegar harðbannaðar. Verðlaun taka ekki tillit til áhafnar meðlima og verða þeir sjálfir að sjá um að skipta verðlaununum bróðurlega á milli sín,“ segir Vilberg.

„Dómur dómnefndarar er endanlegur og ekki verður heimilt að vefengja hann enda er þetta fyrst og fremst til gamans

gert, en matið byggir á frumleika báts, hve fyndinn hann og áhöfn hans eru og síðast en ekki síst skemmtanagildi hönnunar,“ segir Vilberg kátur.

Fyrir efstu þrjú sætin í barnaflokki eru peningaverðlaun auk gjafabréfa á veitingastað og í fullorðinsflokki eru verðlaun á borð við hótulgistingu og unaðstæki, auk peningaverðlauna og vöruúttektar í verkfæraverslun og verða auka- verðlaun í báðum flokkum tilkynnt í keppninni sjálfri svo Vilberg og aðrir aðstandendur keppninnar hvetja áhugasama til þess að leyfa ímyndunar- aflinu að bera þau að Litlu-Laxá um þarnæstu helgi.

Aðal styrktaraðili keppninnar er Góð hugmynd ehf. Aðrir styrktaraðilar eru Árni ehf. Ásta Sif Árnadóttir, Elvar Harðarson, Farmers Bistro, Gröfutekni, Grænna Land, Hótel Bifröst, Kaffi Mika, Landstólpi, Pizza Sel, Stína kokkur, Umi hótél, Þór HF og Þvottur & Lín.



Ég vil þakka honum Gumma vini mínum kærlega fyrir áskorunina. Ég ætla að töfra fram grillaðan steinbít borinn fram með pestó pastarétti. Einfaldur og góður réttur við hvaða tilefni sem er.

Hræfni
Steinbítur 100-250 gr. á mann
1 krukka grænt pestó
Fersk steinselja
Sítróna
500g ferskir pasta koddar með spínat&osta fyllingu
1/2L matreiðslurjómi
1 krukka rautt pestó
Paprika
Fennel

Grillaður steinbítur
Velta steinbítum upp úr grænu pestói, ólífufolíu, salti & pipar og látinn marinerast í klukkustund.
Henda honum svo á sjóðandi heitt grill í 2-3 mínútur á hvora hlið (fer eftir þykkt fiskisins). Þegar steinbíturinn er klár er gott að henda yfir hann smá steinselju og kreista sítrónu yfir.

Fyllt pasta í pestósósu
Fyrst skrefið er að sjóða pastað og steikja grænmetið en það er gert samhliða.



Ársæll Einar Ársælsson er sunnlenski matgæðingur vikunnar.
Hérna mæli ég með að nota vok pönnu en annars dugar venjuleg steikarpanna. Fyrst er paprika og fennel léttsteikt á pönnu í 2-3 mínútur. Hellið því næst matreiðslurjómanum yfir grænmetið ásamt rauða pestóinu og látið malla í smá stund. Samhliða þessu er pastað soðið, þetta er ferskt pasta svo suðan tekur u.þ.b 3-4 mínútur.
Því næst er pastanu hellt út á pönnuna og allt látið malla saman í 2-3 mínútur. Gott er að krydda með salti & pipar eftir smekk.
Til að allt verði upp á 10 mæli ég með að skera niður í ferska salatblöndu.

Verði ykkur að góðu.

Ég ætla að skora á golfarann og vin minn hann Sigurð Sigurðsson. Siggí er í 16 matarklúbbum og er því enginn nýgræðingur þegar kemur að eldamennsku, haldið ykkur fast.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Árborg selur íbúð á 34 milljónir króna

Á síðasta fundi bæjarráðs Árborgar, þann 20. júlí sl. var kauptilboð samþykkt í parhúsaíbúð við Hulduhól á Eyrarbakka.

Alls bárust fjögur tilboð í eignina og samþykkti bæjarráð að taka kauptilboði frá

Ómari Einarssyni að upphæð 34 milljóna króna.

Á fundinum veitti bæjarráð Fjólu St. Kristinsdóttur, bæjarstjóra í Árborg, fullt og ótakmarkað umboð til sölu eignarinnar.



Ljósmynd: Magnús Karel Hannesson.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyravegí 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.

Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Gáta vikunnar

Visnagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Gamli Nói, Gamli Nói, hann er visku krýndur, tryggir kassabíl. Þætt' í einum, þætt' í einum, Hann er ekki týndur, borgar með því fíl.

Svar við gátu í blaði 2710: **HNÚTUR**

1. Lína: Æðahnútur - 2. Lína: Bindishnútur
3. Lína: Mælieining fyrir hraða skips eða vinds - 4. Lína: Ólag, kröpp alda á sjó

Sexföld stækkun á fjórum árum

Hjólreiðakeppnin The Rift var ræst frá Hvolsvelli í fjórða sinn síðasta laugardag. Keppendur hjóla 100 eða 200 km leið, frá Hvolsvelli, inn á Fjallabak og til baka. Það má með sanni segja að keppnin hafi vaxið hratt, en fjöldi keppenda hefur sexfaldast frá fyrstu keppninni sem haldin var árið 2019.

Ólafur Thorarensen, markaðsstjóri Lauf Cycles á Íslandi er einn af skipuleggjendum keppinnar. „Þetta gekk frábærlega, allt til fyrirmyndar. Veðrið var frábært, við hefðum ekki

getað fengið betra hjólaveður en þetta. Við vorum með rúmlega 1100 skráða þátttakendur og allt sem ég heyri frá öðrum hjólurum og fólki sem mætti á svæðið er jákvætt. Þau sem voru að vinna að keppninni úti á braut og annarsstaðar fengu ekkert nema hrós og allir voru í skýjunum eftir daginn. Samstarfið við sveitarfélagið hefur verið alveg frábært en þetta var klárlega besta og flottasta keppnin okkar núna í ár, mun meiri þátttaka hjá sveitarfélaginu en áður og við tókum vel eftir því og fögnum því mikið.

Anton sveitastjóri var með allskonar hugmyndir fyrir næsta ár sem við tókum vel í. Samstarfið er búið að ganga æðislega, þetta hefur allt gengið eins og í sögu, stundum hreinlega of vel,“ segir Ólafur og hlær.

Samkeppni við túrismann

Flöskuhálsinn í skipulaginu hefur þó verið gistiþláss fyrir keppendur sem fjölga ört með árunum. „Mér skilst að það sé verið að byrja að byggja 120 herbergja hótél hjá Lava Center og mér er sagt að 80 af þeim herbergjum eigi að vera tilbúin í

apríl á næsta ári og ég fagna því innilega ef það er rétt. En við erum að halda keppnina á hátúristatímanum svo að við erum í samkeppni við hinn almenna túrisma á Íslandi um gistinguna á þessu svæði en það bætir vonandi úr því ef fer sem horfir,“ bætir Ólafur við.

Fín innspýting í bæjarlífið

Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri í Rangárþingi eystra, var hestánægður þegar Dagskráin náði tali af honum. „Þetta fór afskaplega vel fram, sveitarfélagið fullt af fólki og allt til fyrir-

myndar. Veðrið var með okkur í liði líka, einmuna blíða sem er búin að vera hérna síðustu vikur. Keppnin sjálf fór virkilega vel fram og ég hef ekki heyrt annað en að allir hafi verið virkilega sáttir. Þetta setur skemmtilegan brag á bæinn, fín innspýting í gistingu, verslun og þjónustu á svæðinu og einstaklega vel að þessu staðið, bærinn var iðandi á laugardag og þegar fólk fór á fætur á sunnudag var eins og ekkert hefði í skorist,“ segir Anton að lokum.

HGL



FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022
gsm 788 0300

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi
Polskie mitingi aa grupa krosus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

Gosmóða yfir Suðurlandi

Mikil gosmóða hefur legið yfir suðvestanverðu landinu síðustu daga. Gosmóðan, sem lítur út eins og þokuloft, dregur úr skyggni en er frábrugðin SO2 gasmengun frá eldgosinu í Litla-Hrút.

Gastegundin SO2 losnar í miklum mæli frá eldgosinu og hefur víða mælt á gasmælum á Suðvesturlandi. Gosmóða er gosmökkur sem er nokkurra daga gamall og hefur gastegundin að stærstum hluta hvarfast yfir í SO4 agnir sem eru þá

ekki lengur gas heldur mjög fínt svifryk. Þar sem SO4 eru agnir, mælast þær ekki á SO2 gasmælum, heldur eingöngu á svifryksmælum.

Þessar agnir geta verið ertandi fyrir þau sem eru viðkvæm fyrir, og ættu viðkomandi að forðast óþarfa áreynslu utandyra á meðan slíkt ástand varir. Fólki er bent á vefsíðuna loftgæði.is til að fylgjast með framvindu ástandsins.

HGL

Tónlistarspuni í Bókakaffinu



Asalaus (Ása Ólafsdóttir), Ana Luisa Diaz de Cossio og Cameron Anderton eru á hringferð um landið og koma við í Bókakaffinu á Selfossi kl. 17 í dag, fimmtudaginn 27. júlí. Tónlistarfólkið kemur frá Skotlandi, Mexíkó og Íslandi og býður það upp á spunatónlist þar sem áferð og hrynur víkka sjóndeildarhring hlustenda. Okeypis aðgangur.

KIRKJUR

Strandarkirkja:
tónlistarguðspjónusta kl.17, athugið breyttan messutíma, í tengslum við tónlistarhátíðina Englar og menn. Sr. Ninna Sif Svavarsdóttir þjónar fyrir altari. Björg Þórhallsdóttir og Hilmar Örn Agnarsson organisti annast tónlistarflutning.

Tilkynning um helgiöld 30. júlí:
Messa verður í Selfosskirkju sunnudaginn 30. júlí klukkan 11. Þema messunnar er ljósið og það hvernig við bregðumst við því sem hendir okkur í lífinu. Meðlimir úr kór kirkjunnar leiða sönginn.

HEILSA

Með **Dáleiðslu** má vinna að úrbótum ýmiskonar vandamála, líkamlegra sem andlegra. Það má líka fara aftur í tímann og sjá löngu liðna atburði, hætta reykingum og margt annað.

- Ég er líka með **augnlestur** en með honum má sjá ástand viðkomandi, líkamlegt og andlegt. Þessu fylgja ráð um hvernig breita má hlutum til betri vegar.

- Er einnig með **Nudd og svæðanudd** -

Heiðar Ragnarsson
Heilsulindinni í Miðgarði
s. 8981501

ÞJÓNUSTA



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf skattskil

Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



Svona var umhorfs frá Eyravegi á Selfossi síðasta mánudag. Á myndinni ber að sjá Ingólfsfjall í gegnum gosmóðuna. Ljósmynd: DFS.is/HGL

Þjónusta Símans á Selfossi

Eftir gott samstarf hættir TRS sem endursöluaðili Símans á Selfossi frá og með 1. ágúst nk.

Við bendum viðskiptavinum okkar á að afgreiðslu á búnaði er hægt að nálgast hjá Póstinum á Selfossi.

Við þökkum TRS kærlega fyrir samstarfið.

Kveðja,
Síminn

Skoðaðu vöruúrvalið á
www.bilanaust.is



GÆÐAOLIUR OG GLUSSI

Bilanaust Hrísmýri 7,
800 Selfossi
S. 484 4200

Opið
Mán - fös 8 - 18
Lau 10 - 14





Við erum sérfræðingar í prentun bóka,
almennu prentverki og framleiðslu umbúða.
Öll framleiðsla fer fram á Íslandi.



Leyfðu okkur að finna bestu, hagkvæmustu
og umhverfisvænustu leiðina fyrir þig.



Umbúðir

Almenn
prentun

Bækur



Límmiðar



Stimplar



Eyravegi 25, 800 Selfoss



482 1944



selfoss@prentmetoddi.is



Frábær árangur Selfoss á USA Cup

Knattspyrnudeild Selfoss hélt dagana 15.-23. júlí á stærsta mót Norður Ameríku, USA Cup í Blaine, Minnesota. Í ár tóku 1245 lið frá 17 löndum þátt á þessu frábæra móti. Selfoss sendi sjö lið til leiks, tvö lið úr 2. flokki karla, eitt lið úr 2. flokki kvenna, tvö lið frá 3. flokki karla og tvö lið úr 3. flokki kvenna, en alls fóru 130 manns fyrir hönd félagsins, 118 keppendur og 18 starfsmenn og liðsstjórar ásamt því að stór

hópur foreldra fylgdi með sem stuðningsmenn.

Liðin spila fjóra leiki í riðla-keppni, þriðjudag til föstudags en eftir það tekur við úrslita-keppni þar sem sigurvegarinn fer áfram. Öll lið Selfoss komust upp úr sínum riðlum og er það frábær árangur, en þess má geta að annað lið 3. flokks karla gerði sér lítið fyrir og sigraði mótið í sínum flokki!

Knattspyrnudeild Selfoss langar að koma fram þökkum til

allra þeirra leikmanna, þjálfara, liðstjóra og stuðningsmanna sem að þessari ferð komu og getum við ekki verið stoltari af þessum frábæra hóp okkar, þetta er lang stærsti hópur sem farið hefur í keppnisferð á vegum knattspyrnudeildar og fyrsti hópurinn síðan 2018 sem fer til útlanda eftir heimsfaraldurinn.

Knattspyrnudeild Selfoss



FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

HREINSITÆKNI
Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun
Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is

800 LAGNIR
ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR
Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

BRAC AF VINÁTTU!
Fæst hjá BYKO Selfossi

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Pípulagnir Júlla
Persónuleg þjónusta
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnabjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is